

Sölvi Helgason, 1820–1895

Sölvi Helgason fæddist í Skagafirði 1820, sonur þeirra Helga Guðmundssonar og Ingiríðar Gísladóttur. Sölvi var aðeins þriggja ára þegar hann missti föður sinn en móðir hans giftist aftur. Fjölskyldan bjó við þröngan kost og átta ára var Sölvi sendur í vist. Ellefu ára var hann vistaður hjá séra Ólafi Hjaltasyni Thorberg á Hvanneyri í Siglufirði. Þar lærði Sölvi að lesa og skrifa og hafði aðgang að bókakosti prestssetursins. Hann missti móður sína 14 ára gamall. Eitt síðasta fasta aðsetur Sölva var hjá Bjarna Thorarensen, amtmanni á Möðruvöllum, þegar hann var rétt um tvítugt. Þá lagðist hann í flakk og lifði sem förumaður, oft í óþökk yfirvalda og samtímafólks.

Á tímum vistarbandsins var til fólk sem lifði á jaðrinum líkt og í dag. Flakkarar treystu á gestrisni sveitasamfélagsins þar sem það þótti höfuðdyggð að veita skjól og matarbita. Flökkufólk var virkir þátttakendur í samfélaginu og launaði greiðann með því að skemmta fólki, segja fréttir úr öðrum sveitum og vinna einhver viðvik, stundum verk sem voru óþrifaleg eða óvinsæl.

Sölvi var um margt sérstakur. Hann var sjálfhælinn um eigin mannkosti og þótti stundum erfiður í samskiptum en virðist hafa mildast með aldrinum. Hann var landsmönnum vel kunnugur í lifanda lífi vegna sérstæðs persónuleika og eins sökum þess hve víða hann fór á flakki sínu. Sölvi var listhneigður, skrifaði og vann myndverk sem hann teiknaði með blýanti eða penna og litaði. Hann átti það til að launa fyrir gistingu og velgjörðir með myndum sínum.

Á ferð sinni um Húnvatnssýslu kynntist Sölvi Júlíönu Sveinbjörnsdóttur sem, líkt og hann, hafði lifað við erfið kjör en hún var fötluð og niðursetningur. Tókust með þeim ástir og eignuðust þau dóttur árið 1867. Hún hlaut nafnið Stefanía Kristín Sölvadóttir en fluttist til Vesturheims 1899.

Sölvi bar listaverk sín og áhöld til listsköpunar með sér í kistli á bakinu sem hann notaði einnig sem teikniborð. Sölvi lést 75 ára árið 1895 eftir viðburðaríka ævi. Hann var þjóðsagnapersóna í lifanda lífi og kunnari sumu samtímafólki sínu en stórhöfðingjar landsins.



Vistarbandið

Sölvi var fæddur á tímum vistarbandsins sem var annar tveggja formlegra ramma utan um líf fullorðins fólks sem ekki réð fyrir búi. Hinn möguleikinn var lausamennska. Hjú skyldu ráða sig í ársvist en lausafólk hafði frjársari en óöruggari skilmála fyrir ráðningum sínum. Vistarskylda þekktist víðar en hér á landi, t.d. í Danmörku. Mörg losnuðu undan vistarbandinu við að gifta sig og fá jörð til ábúðar en þó var fólk sem lifði stóran hluta af ævi sinni undir vistarbandinu. Vistarbandið var afnumið árið 1863. Lausamennska var bönnuð með formlegum hætti frá 1783 en ýmsar leiðir voru farnar til að fara í kringum það bann. Lausamennska var svo leyfð að nýju 1863.

Þau sem voru í ársvistum eða lausamennsku voru yfirleitt á aldrinum 15-25 ára eða svo. Flestir giftust á aldrinum 25-30 ára og urðu bús síns ráðandi, þ.e. fengu jörð til ábúðar. Vistarbandið var því að miklu leyti aldursbundið. Um 25% landsmanna lifðu undir lögum vistarbands eða lausamennsku á 19. öld.

Alltaf var til fólk sem féll ekki inn í þann ramma sem ætlast var til. Ástæður þess gátu verið margar og þjuggu sum að stuðningi frá fjölskyldu og ættingjum en sum lögðust í flakk. Það gat verið ákveðin lausn á framfærslu þeirra að leyfa flakk og dreifa álagi en slíkt var háð viðhorfum yfirvalda sem stundum gripu inn í.

Tiltæk tölfræði um afbrot frá síðari hluta 19. aldar sýnir að flestir þeir sem dæmdir voru til fangavistar voru ókvæntir karlmenn á aldrinum 20-30 ára sem voru vinnuhjú. Að meðaltali fengu fjórir á ári fangelsisdóm, þrír karlar og ein kona. Langflestir voru dæmdir fyrir þjófnað.

Fjölmargar sagnir eru til um flökkufólk. Sagnirnar segja frá fleiru en sérstæðum persónum. Í þeim koma fram viðhorf samfélagsins, jaðarsetning, hefðir og samhjálp, völd og valdbeiting. Ímynd flökkufólks mildaðist þegar kom fram á 20. öldina og færri og færri þeirra knúðu dyra en önnur úrræði tóku við þeim sem ekki féllu að rammanum.